

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

1. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Við mat á dánar- og lífslíkum skal nota nýjustu dánar- og eftirlífendatölur, sem útgefnar eru af ráðherra að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

2. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Við mat á líkum þess að sjóðfélagar verði í hjónabandi eða annarri sambúð á hverju aldursári í framtíðinni, skal stuðst við tíðni hjónabands eða sambúðar á hverju aldursári, samkvæmt tölum sem útgefnar eru af ráðherra að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga og skulu þær byggðar á nýjustu upplýsingum úr þjóðskrá. Aldursmunur hjóna eða sambúðarfólks skal miðaður við meðalaldursmun hjóna eða sambúðarfólks samkvæmt fyrrgreindum tölum.

3. gr.

16. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Við mat á örorku- og endurhæfingarlíkum skal nota örorku- og endurhæfingartölur, sem útgefnar eru af ráðherra að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á innlendri reynslu um tíðni örorku. Þangað til slíkur reiknigrundvöllur liggur fyrir, skal stuðst við staðfærðan reiknigrundvöll útgefninn af félaginu.

4. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Við mat á líkum þess að sjóðfélagar eigi börn á hverju aldursári í framtíðinni, skal stuðst við fjölda og aldur barna á framfæri á hverju aldursári foreldra samkvæmt tölum sem útgefnar eru af ráðherra að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga og skulu þær byggðar á nýjustu upplýsingum úr þjóðskrá.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 24. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 26. september 2016.

F. h. r.

Haraldur Steinþórsson.

Anna V. Ólafsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.